

Heilbrigðisráðuneytið
B.t. Guðríður Þorsteinsdóttir
B.t. Hólmfríður Grímsdóttir
Vegmúla 3
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. mars, 2010

Efni: Umsögn Félags atvinnurekenda um frumvarp um breytingu á lögum um geislavarnir nr. 44/2002

I. Almennt

Vísað er til erindis heilbrigðisráðuneytisins dagsett 8. mars 2010 þar sem óskað er umsagnar Félags atvinnurekenda um frumvarp um breytingu á lögum um geislavarnir nr. 44/2002.

Umrætt frumvarp heftir á ákveðinn hátt atvinnufrelsi en það nýtur verndar m.a. skv. 75. gr. stjórnarskrár lýðveldisins l. 33/1944. Tryggir ákvæði þetta rétt manna til að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa með þeim skorðum sem settar eru í lögum. Samkvæmt skýru orðalagi greinarinnar verður atvinnufrelsi aðeins settar skorður að uppfylltum tveimur skilyrðum. Annars vegar að fyrir slíku sé lagaheimild og hins vegar að slík lagaheimild sé grundvölluð á almannahagsmunum.


Félag atvinnurekenda telur að fyrirhuguð breyting uppfylli bæði þessi skilyrði. Félagið telur að fyrirhuguð breyting sé til mikilla bóta og til þess fallið að vernda heilsu mjög viðkvæms hóps einstaklinga.

Félagið gerir því ekki athugasemdir við frumvarpið og mælir með að það verði samþykkt óbreytt.

II. Annað

Að lokum áskilur Félag atvinnurekenda sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllt,
Páll Rúnar M. Kristjánsson
HÉRAÐSÞINGSLOGMADUR

Páll Rúnar M. Kristjánsson hdl.
Yfirlögfræðingur Félags atvinnurekenda